

**4. fundur fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings haldinn þriðjudaginn 4. mars 2025 kl. 16:00 í fundarsal í Laugarási, Bláskógabyggð.**

**Fundinn sátu:** Sigurbára Rúnarsdóttir, formaður (Flóahreppi), Bjarney Vignisdóttir (Hrunamannahreppi) Andrea Sif Snæbjörnsdóttir (Skeiða- og Gnúpverjahreppi) og Steinar Sigurjónsson (Grímsnes- og Grafningshreppi). Trausti Hjálmarsson (Bláskógarbyggð)

Auk þess sitja fundinn Anný Ingimarsdóttir, deildarstjóri velferðarþjónustu og Gunnlaug Hartmannsdóttir, deildarstjóri skólaþjónustu sem ritar fundargerð

**Dagskrá:**

**1. Tillaga að hækkun fjárhagsaðstoðar og breyttum gjaldskrá**

Lagt er fram minnisblað frá deildarstjóra velferðarþjónustu um tillögur um hækkun á fjárhagsaðstoð, greiðslum vegna stuðningsfjölskyldna og gjaldskrár vegna heimþjónustu og akstursþjónustu.

- a) Nefndin leggur til að grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar fyrir einstakling sem rekur heimili verði hækkuð úr 206.308 kr í 214.770 kr. á mánuði frá og með 1. apríl 2025. Um leið hækka aðrir kvarðar sem tilgreindir eru í 11. gr. reglna skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings um fjárhagsaðstoð. Eftir breytingar mun 11. gr. hljóða svo:

11. gr.

*Upphæðir fjárhagsaðstoðar*

*Framfærslugrunnur tekur mið af útgjöldum vegna daglegs heimilishalds og miðastvið grunnfjárhæð kr. 206.380.-. Upphæðir fjárhagsaðstoðar eru eftirfarandi:*

*Framfærslugrunnur einstaklinga 18 ára og eldri sem sannanlega reka eigið heimili er 1,0 eða kr. 214.770.-. Með rekstri eigin heimilis er átt við þær aðstæður þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning því til staðfestingar.*

*Framfærslugrunnur einstaklinga 18 ára og eldri sem búa með öðrum, í foreldrahúsum eða leigja húsnæði án þinglýsts leigusamnings, eða hafa ekki aðgang að húsnæði er 0,8 eða kr. 171.816.-*

*Framfærslugrunnur einstaklinga sem búa hjá foreldrum, eiga við félagslega erfiðleika að etja, eru inniliggjandi á sjúkrahúsi eða í áfengis- og vímuefnamedferð er 0,45 eða kr. 96.647.- Hafi umsækjandi samkvæmt ofangreindum lið forsjá barns, skal hann reiknast út frá framfærslugrunni 0,8 af grunnfjárhæð.*

Tlf 55 1 JR  
AB BV AF

*Framfærslugrunnur hjóna og fólks í sambúð er 1,6 eða kr. 343.632.-*

- b) Nefndin leggur til að greiðslur til stuðningsfjölskyldna á vegum barnaverndar/velferðarþjónustu (sem ekki eru í gegnum Bergrisann) verði hækkaðar úr 28.738 kr. í 30.130 kr. á sólarhring frá og með 1. apríl 2025. Bergrisinn ákvarðar upphæðir vegna stuðningsfjölskyldu í málefnum fatlaðra barna.
- c) Nefndin leggur til að gjaldskrá heimsendingu matar og aðstoð við þrif hækki frá og með 1. apríl 2025. Lægra gjaldið hækkar úr 728 kr. í 758 og herra gjaldið hækki úr 1.032 kr. í 1.074 kr.
- d) Nefndin leggur til að gjaldskrár fyrir fargjald í ferðarþjónustu fyrir fatlað fólk og aldraða hækki í samræmi við gjaldskrá Strætó, þar sem fargjald fyrir öryrkja og aldraða sem ferðast með almenningsgöngum er tekið til greina. Strætó skilgreinir ákveðin gjaldsvæði á landsbyggðinni og gjöld eru reiknuð út frá þessum gjaldsvæðum, þar sem eitt gjaldsvæði kostar 300 kr.  
Lagt er til að nýja gjaldskráin taki gildi frá og með 1. apríl 2025 og verði eins og hér segir:
- Flóahreppur – Selfoss: 600 kr. (gjaldsvæði 2)
  - Borg í Grímsnesi – Selfoss: 900 kr. (gjaldsvæði 3)
  - Sólheimar – Selfoss: 1.200 kr. (gjaldsvæði 4)
  - Brautarholt – Selfoss: 1.200 kr. (gjaldsvæði 4)
  - Laugavatn – Selfoss: 1.500 kr. (gjaldsvæði 5)
  - Laugarás – Selfoss: 1.500 kr. (gjaldsvæði 5)
  - Reykholt – Selfoss: 1.500 kr. (gjaldsvæði 5)
  - Flúðir – Selfoss: 1.500 kr. (gjaldsvæði 5)
  - Árnes – Selfoss: 1.500 kr. (gjaldsvæði 5)

**Bókun:**

*Tillögur og afgreiðsla fagnefndar er vísað til staðfestingar hjá aðildarsveitarfélögum Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvígs.*

**2. Innleiðing farsældar – staða mála**

Deildarstjórar/innleiðingarstjórar SVÁ kynntu stöðu mála við innleiðingu farsældarlaga. Upplýsingar um farsæld barna er komin á heimasíðu SVÁ og vinna við úrræðalista er langt komin. Stuðningsefni frá Barna- og fjölskyldustofu hefur aukist mjög mikið og t.d. var gefin út handbók fyrir innleiðingarstjóra í október 2024. Þar er m.a. lögð áhersla á að komið sé á fót stýrihóp farsældar sem er skipaður starfsfólki sveitarfélags/stofnana með ólíkan bakgrunn sem koma að þjónustu við börn og fjölskyldur.

TH Bw  
AS SR  
SS<sup>2</sup>  
GH AE

**Bókun:**

Fagnefnd leggur til að skipað verði í stýrihóp samkvæmt handbók um innleiðingu farsældar og innleiðingarstjórar geri tillögu um hverjir eigi sæti í stýrihóp og kynni fyrir fagnefnd og aðildarsveitarfélögum Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

**3. Kynning á samstarfsverkefni skólaþjónustu og Heilsugæslunnar í Laugarási**

Heilsugæslan í Laugarási hefur óskað eftir samstarfi við Skóla- og velferðarþjónustu um verklag við tilvísun barna sem fengið hafa greiningu á ADHD til barnalæknis. Haldinn verður samráðsfundur með fulltrúum SVÁ, heilsugæslunnar og stjórnenda og stoðþjónustu grunnskóla í uppsveitum Árnessýslu 10. mars n.k.

**4. Samstarfssamningur á sviði endurhæfingar**

Samstarfssamningur um endurhæfingu er lagður fram til kynningar. Samningurinn felur í sér samstarf milli Tryggingastofnunar, félagsþjónustu sveitarfélaga, VIRK, Vinnumálastofnunar og heilsugæslustöðvar. Samningurinn var undirritaður 31. október 2024 af deildarstjóra velferðarþjónustu Árnesþings fyrir hönd aðildarsveitarfélaga. Samstarfið miðar að því að tryggja rétta þjónustu og samfellu í endurhæfingu, með áherslu á færni einstaklinga til þátttöku í samfélaginu og á vinnumarkaði. Sex samhæfingarteymi verða stofnuð fyrir mismunandi landshluta, og skiptast þannig: Reykjavík, Kraginn, Vesturland/Vestfirðir, Norðurland, Austurland og Suðurland/Suðurnes. Deildarstjóri velferðarþjónustu er fulltrúi í samhæfingarteyminu fyrir hönd Árnesþings. Teymisstjóri verður starfsmaður Tryggingastofnunar sem fer með ábyrgð á fundum, gögnum og fundargerðum. Fyrsti fundur hefur þegar verið haldinn.

**5. Undanþága frá Barnaverndarþjónustu**

Lagt er fram til kynningar bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneyti, dagsett 14. janúar 2025, þar sem fram kemur að sveitarfélögunum sem standa að Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. er veitt undanþága frá lágmarksíbúafjölda barnaverndarþjónustu til 15. mars 2025. Ráðuneytið óskar eftir samstarfi um stærra umdæmi barnaverndarþjónustu og leggur til að formlegar viðræður verði hafnar við önnur sveitarfélög um sameiginlega barnaverndarþjónustu.

Stjórn SVÁ fjallaði um málið á stjórnarfundi þann 23. janúar sl. og fól deildarstjóra velferðarþjónustu að hefja samtal við Hveragerðisbæ og Sveitarfélagið Ölfus um formlegt samstarf um stærra umdæmi barnaverndarþjónustu. Í ljósi þessa veitti ráðuneytið lengri frest til 15. apríl nk. Viðræður við þessi tvö sveitarfélög um samstarf eru nú þegar hafnar og málið er í vinnslu.

**6. Húsnæðismál SVÁ**

Kynntar umræður um húsnæðismál sem fram hafa farið í stjórn SVÁ.

**7. Starfsmannamál**

Ítrekað hafa verið auglýst laus störf hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings sem ekki hefur borið árangur. Tveir verktakar eru starfandi hjá velferðarþjónustunni og sinna einstaklingsmálum auk sálfræðings sem starfar fyrir skólaþjónustuna.

TH 55 3 SR  
GH ~~ASD~~ GV AT

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl. 15:45

Sigurbára Rúnarsdóttir  
Sigurbára Rúnarsdóttir, formaður

Steinar Sif  
Steinar Sigurjónsson

Bjarney Vignisdóttir  
Bjarney Vignisdóttir

Andrea Sif Snæbjörnsdóttir  
Andrea Sif Snæbjörnsdóttir

Trausti Hjálmarsson  
Trausti Hjálmarsson

Anný Ingimarsdóttir  
Anný Ingimarsdóttir

Gunnlaug Hartmannsdóttir  
Gunnlaug Hartmannsdóttir

## Lagðar eru fram 4 tillögur um breytingar á upphæðum hjá skóla-og velferðarþjónustu Árneshings til fagnefndar þann 3. mars 2025

### 1. Tillaga: Hækkun grunnfjárhæða fjárhagsaðstoðar fyrir einstaklinga til framfærslu

Lagt er til að grunnfjárhæðir fjárhagsaðstoðar einstaklings til framfærslu hækki um 4,1%, og verði sem hér segir:

- **Grunnfjárhæð fyrir einstakling sem rekur eigið heimili** hækkar úr 206.380 kr. í 214.770 kr. á mánuði.
- **Grunnfjárhæð fyrir einstakling sem hefur kostnað af húsnæði án þinglýsts húsaleigusamnings** hækkar úr 165.104 kr. í 171.816 kr. á mánuði.
- **Grunnfjárhæð fyrir einstakling sem býr í foreldrahúsi, með öðrum eða greiðir ekki húsaleigu** hækkar úr 92.871 kr. í 96.647 kr. á mánuði.
- **Grunnfjárhæð fyrir hjón/sambúðarfólk** hækkar úr 330.208 kr. í 343.632 kr. á mánuði.

Lagt er til að breytingarnar taki gildi frá og með 1. apríl 2025.

### 11. gr. reglna skóla-og velferðarþjónustu Árneshings um fjárhagsaðstoð mun þá verða svona eftir breytingar:

#### 11. gr.

#### Upphæðir fjárhagsaðstoðar

Framfærslugrunnur tekur mið af útgjöldum vegna daglegs heimilishalds og miðastvið grunnfjárhæð kr. 206.380.-. Upphæðir fjárhagsaðstoðar eru eftirfarandi:

Framfærslugrunnur einstaklinga 18 ára og eldri sem sannanlega reka eigið heimili er 1,0 eða kr. **214.770.-**. Með rekstri eigin heimilis er átt við þær aðstæður þegar viðkomandi býr í eigin húsnæði eða leigir húsnæði og leggur fram þinglýstan húsaleigusamning því til staðfestingar.

Framfærslugrunnur einstaklinga 18 ára og eldri sem búa með öðrum, í foreldrahúsum eða leigja húsnæði án þinglýsts leigusamnings, eða hafa ekki aðgang að húsnæði er 0,8 eða kr. **171.816.-**

Framfærslugrunnur einstaklinga sem búa hjá foreldrum, eiga við félagslega erfiðleika að etja, eru inniliggjandi á sjúkrastofnun eða í áfengis- og vímuefnameðferð er 0,45 eða kr. **96.647.-** Hafi umsækjandi samkvæmt ofangreindum lið forsjá barns, skal hann reiknast út frá framfærslugrunni 0,8 af grunnfjárhæð.

Framfærslugrunnur hjóna og fólks í sambúð er 1,6 eða kr. **343.632.-**



## 2. Tillaga: Stuðningsfjölskyldur barnavernd/félagsþjónusta

Lagt er til að greiðsla til stuðningfjölskyldna á vegum barnaverndar/félagsþjónustu (sem ekki eru í gegnum Bergrisann) hækki frá og með 1. apríl 2025. úr 28.738 kr. í **30.130 kr.** á sólarhring. Bergrisinn ákvarðar upphæðir vegna stuðningsfjölskyldu í málefnum fatlaðra barna.

## 3.

### Tillaga: Heimþjónusta – þrif/heimsendur matur

*Samkvæmt 11 gr. reglum um stuðningsþjónustu hjá SVÁ kemur m.a. fram að greitt er fyrir stuðningsþjónustu samkvæmt gjaldskrá hvers aðildarsveitarfélags velferðarþjónustu Árnesþings. Gjald er innheimt fyrir heimsendingu matar og aðstoð við þrif þar sem við á. Gjöld fyrir stuðningsþjónustu eru tekjutengd og eru gjaldflokkarnir þrír. Ákvörðun gjaldflokks miðar við allar skattskyldar tekjur þ.m.t. fjármagnstekjur.*

Viðmiðunartekjur í gjaldskrá eru reiknaðar út frá lífeyrissjóðsgreiðslum. Þeir sem eingöngu eru með tekjur frá Tryggingastofnun greiða ekkert fyrir heimþjónustu.

Lagt er til að lægra gjaldið hækki úr 728 kr. í **758 kr.** og hæra gjaldið hækki úr kr. 1.032 í kr. **1.074**, frá og með 1. apríl 2025

## 4. Tillaga: Fargjald í ferðarþjónustu fatlaða fólks/aldraðra

Gjaldskráin tekur mið af fargjaldi og gjaldsvæði fyrir öryrkja og aldraðra sem ferðast með almenningssamgöngum. Strætó skilgreinir ákveðin gjaldsvæði á landsbyggðinni, gjöld eru reiknuð út frá þessum gjaldsvæðum. Eitt (1) zone/gjaldsvæði er **300 kr.** (var 285 kr. árið 2024)

Lagt er til að gjaldskrá verði eins og hér segir og taki gildi frá og með 1. apríl 2025

- Flóahreppur – Selfoss: 600 kr. (2 zone/gjaldsvæði)
- Borg í Grímsnesi – Selfoss: 900 kr. (3 zone/gjaldsvæði)
- Sólheimar – Selfoss: 1.200 kr. (4 zone/gjaldsvæði)
- Brautarholt – Selfoss: 1.200 kr. (4 zone/gjaldsvæði)
- Laugavatn – Selfoss: 1.500 kr. (5 zone/gjaldsvæði)
- Laugarás – Selfoss: 1.500 kr. (5 zone/gjaldsvæði)
- Reykholt – Selfoss: 1.500 kr. (5 zone/gjaldsvæði)
- Flúðir – Selfoss: 1.500 kr. (5 zone/gjaldsvæði)
- Árnes – Selfoss: 1.500 kr. (5 zone/gjaldsvæði)

**Laugarás 27. 02. 2025**  
**Anný Ingimarsdóttir, félagsráðgjafi**  
**deildarstjóri velferðarþjónustu**

# Samningur

um samstarf á sviði endurhæfingar milli  
Tryggingastofnunar, félagsþjónustu sveitarfélaga,  
VIRK - starfsendurhæfingarsjóðs ses.,  
Vinnumálastofnunar og heilsugæslustöðva





# I. Kafli Samningsaðilar, markmið og tilgangur

## 1. gr. Samningsaðilar

- 1.1 Tryggingastofnun, félagsþjónusta sveitarfélaga, Vinnumálastofnun, heilsugæslur og VIRK Starfsendurhæfingarsjóður ses., sem eru þjónustuaðilar í tengslum við endurhæfingu og mynda samofna heild á landsvísi, gera með sér samning þennan til að tryggja og formfesta samstarf vegna ábyrgðar þeirra á endurhæfingu eða framfærslu einstaklinga á meðan á endurhæfingu stendur.
- 1.2 Skipulag samstarfsins sem kveðið er á um í samningi þessum skal vera innan þess ramma sem settur er fram í þeim lögum sem samningsaðilarnir starfa eftir, sbr. fylgiskjal I með samningi þessum.
- 1.3 Samningur þessi er gerður á grundvelli yfirlýsingar dags. 15. febrúar 2024, um samstarf þjónustukerfa á sviði endurhæfingar. Félags- og vinnumarkaðsráðherra og heilbrigðisráðherra undirrita samning þennan til staðfestingar á stuðningi við að markmiðum samstarfsins verði náð.

## 2. gr. Markmið og tilgangur

- 2.1 Samningsaðilar skulu eiga samstarf í þeim tilgangi að stuðla að því að rétt þjónusta í endurhæfingu einstaklinga sé veitt á réttum tíma, að samfella sé í fjárhagslegum stuðningi sem þessir aðilar veita, framgangi og heildstæðri nálgun í endurhæfingu miðað við þarfir hvers og eins og samfelldri endurhæfingu hjá þeim sem þurfa þjónustu fleiri en eins aðila. Á þetta einkum við um þau sem eru með fjölþættan vanda og leita eftir þjónustu hjá ólíkum þjónustuaðilum, jafnvel á sama tíma.
- 2.2 Markmið þjónustunnar er að auka færni einstaklinga til virkni í samfélaginu, þ.á.m. til þátttöku á vinnumarkaði.
- 2.3 Til að tryggja árangur í þjónustu við einstaklinga sem þurfa á endurhæfingu að halda verður lögð áhersla á snemmtæka íhlutun þar sem strax í upphafi heilsubrests verður byrjað að undirbúa endurkomu á vinnumarkaði, heildstæða nálgun að endurkomu til vinnu þar sem hlutaðeigandi einstaklingar fá einstaklingsmiðaða þjónustu innan viðeigandi kerfis, virka þátttöku þeirra sjálfra og aukna samhæfingu þjónustu og samvinnu samningsaðila í ferlinu.

# II. Kafli Samhæfingarteymi

## 3. gr. Stofnun samhæfingarteyma og tilnefningar í þau

- 3.1 Samningsaðilar skulu setja á fót samhæfingarteymi sín á milli.
- 3.2 Samhæfingarteymin skulu vera sex eða fleiri og svæðisbundin. Að minnsta kosti tvö samhæfingarteymi skulu vera starfrækt á höfuðborgarsvæðinu, eitt á Vesturlandi (Vesturland, og Vestfirðir), eitt á Norðurlandi, eitt á Austurlandi og eitt á Suðurlandi (Suðurland og Suðurnes). Heimilisfesti teymanna skal vera hjá Tryggingastofnun.
- 3.3 Samningsaðilar skulu tilnefna tvo fastafulltrúa frá hverju þjónustusvæði til setu í hverju samhæfingarteymi. Þá skulu einnig tilnefndir tveir varamenn.
- 3.4 Hver samningsaðili tilnefnir sérfræðinga úr hópi ráðinna starfsmanna sinna í samhæfingarteymin. Sérfræðingarnir skulu vera starfsmenn í nærþjónustu þess svæðis sem viðkomandi samhæfingarteymi starfar á. Það er hlutverk hvers samningsaðila að sjá samhæfingarteymunum fyrir viðeigandi sérfræðisþekkingu. Þátttaka í teymunum skal vera hluti af starfsskyldum viðkomandi sérfræðinga. Samningsaðili veitir sérfræðingi skriflegt umboð til setu í samhæfingarteymi og gengur frá trúnaðaryfirlýsingu sbr. gr. 10.2. Teymin hafa ekki sjálfstæðar fjárreiður.
- 3.5 Viðkomandi sérfræðingar skulu hafa lokið viðeigandi menntun og búa að þekkingu og reynslu af málaflokknum. Þeir skulu einnig tilheyra hópi starfsfólks sem sinnir faglegri þjónustu innan hlutaðeigandi samningsaðila.
- 3.6 Í hverju samhæfingarteymi skal vera teymisstjóri. Teymistjórar skulu vera starfsmenn Tryggingastofnunar. Teymistjóri boðar til funda í teyminu í samráði við aðra fulltrúa samningsaðila. Þá undirbýr teymisstjóri fundi, annast gagnaöflun og skráningu mála í málaskrá. Teymistjóri stýrir fundi og heldur fundargerð.

## 4. gr. Hlutverk samhæfingarteyma

- 4.1 Samhæfingarteymin hafa það hlutverk að tryggja að einstaklingar, sem þurfa þjónustu fleiri en eins þjónustuaðila, njóti heildstæðrar nálgunar í endurhæfingu þegar það á við með því að stuðla að nauðsynlegri yfirsýn yfir og samfelli í þjónustu sem hlutaðeigandi einstaklingur fær og framgangi endurhæfingar hans með aukna virkni að leiðarljósi. Samhæfingarteymin skulu einnig stuðla að sameiginlegri framtíðarsýn og stefnu samningsaðila sem miða að því að bæta lífskjör og lífsgæði einstaklinga sem þurfa á endurhæfingu að halda.



- 4.2 Fulltrúar samningsaðila geta vísað málum einstaklinga inn í viðeigandi samhæfingarteymi þegar 1) samningsaðili tekur ekki við einstaklingi í þjónustu með þeim rökum að þjónustan sé ekki viðeigandi og vafi leikur á hvaða þjónusta gagnast viðkomandi, 2) þjónusta sem einstaklingur hefur þegið hefur ekki gagnast eða er fullreynd, 3) óskað er eftir því að skoðað sé sérstaklega hvernig samningsaðilar geti í sameiningu veitt einstaklingi heildstæða þjónustu í samræmi við þarfir viðkomandi á hverjum tíma eða þegar viðeigandi þjónusta er ekki til staðar.
- 4.3 Samhæfingarteymin eru ekki stjórnvöld í skilningi laga nr. 37/1993 og taka ekki stjórnvaldsákvæðanir um veitingu þjónustu sem stendur til boða heldur er það viðeigandi samningsaðili sem ber ábyrgð á endurhæfingu eða framfærslu viðkomandi sem tekur slíkar ákvæðanir. Starfsemi samhæfingarteyma telst þó þáttur í meðferð stjórnsýslumála og sem slíkur gilda reglur stjórnsýsluréttarins eftir því sem við á um starfsemi þeirra.
- 4.4 Samningsaðilar þurfa að tryggja í samstarfi sínu að einstaklingum sé fylgt eftir milli þjónustuaðila þegar þörf er á þjónustu fleiri en eins aðila og að ávallt sé skýrt hvaða samningsaðili beri ábyrgð á framgangi endurhæfingarinnar. Þeir þjónustuaðilar sem eru best til þess fallnir að mæta þörfum einstaklingsins skulu veita honum þjónustu hverju sinni.
- 4.5 Samhæfingarteymi skulu halda úti uppfærðum listum yfir úrræði á sínu svæði, halda utan um tölfraði um bið í úrræði eða tilvik þar sem úrræði eru ekki til staðar, greina hvar þjónustubörfin er mest og draga fram þörf fyrir uppbyggingu nýrra úrræða, þar sem við á.

## 5. gr. Vísun mála til teyma og ábyrgðaraðili mála

- 5.1 Fulltrúum samningsaðila er heimilt að vísa máli einstaklings til samhæfingarteymis. Áður en málum einstaklinga er vísað til samhæfingarteymis skulu samningsaðilar, leggja mat á og taka afstöðu til hvort einstaklingur eigi rétt á þjónustu hjá þeim. Telji samningsaðili ljóst að einstaklingur eigi heima í þjónustu annars þjónustuaðila skal honum að jafnaði vísað þangað án aðkomu samhæfingarteymis. Þegar mál einstaklings hefur verið tekið fyrir á fundi samhæfingarteymis skal einhver samningsaðila ávallt vera útnefndur sem ábyrgðaraðili málsins. Sá samningsaðili sem er útnefndur ábyrgðaraðili máls hverju sinni skal bera ábyrgð á samþættingu endurhæfingar einstaklingsins og eftirfylgni allt til málaloka, m.a. að tilkynna einstaklingnum um niðurstöðu samhæfingarteymisins.
- 5.2 Fulltrúum samningsaðila er aldrei skylt að vísa málum til samhæfingarteyma.
- 5.3 Skilyrði þess að mál einstaklings fari til samhæfingarteymis er að viðkomandi hafi verið upplýstur um möguleikann á aðkomu samhæfingarteymis í upphafi máls og hverju í því felst. Hann skal aftur upplýstur þegar ætlað er að vísa máli hans til samhæfingarteymis. Hafi einstaklingur hafnað aðkomu samhæfingarteymis skal hlutaðeigandi fulltrúi ekki vísa máli hans til teymisins.
- 5.4 Tryggt skal að upplifun og viðhorf einstaklingsins á stöðu sinni verði komið á framfæri gagnvart teyminu.
- 5.5 Fjalli samhæfingarteymi á ný um mál einstaklings getur það vísað því til annars samningsaðila og færist þá ábyrgðin á málinu yfir til þess samningsaðila. Fyrri ábyrgðaraðila ber að sjá til þess að nýr ábyrgðaraðili taki við með formlegum hætti með milligöngu teymisins. Þegar einstaklingur þarf þjónustu fleiri en eins samningsaðila skal þó aðeins einn þeirra teljast ábyrgðaraðili. Taki enginn við máli á fundi samhæfingarteymis helst ábyrgðin óbreytt.
- 5.6 Þegar einstaklingur hefur þörf fyrir samhliða þjónustu tveggja samningsaðila er ábyrgð á eftirfylgni hjá þeim aðila sem er skilgreindur ábyrgðaraðili málsins. Hver samningsaðili ber faglega ábyrgð á þjónustunni sem hann veitir og tekur ákvörðun um þjónustu á grundvelli þeirra laga sem um hana gildir hverju sinni.
- 5.7 Samhæfingarteymin hafa heimild til að bjóða á fund sér til upplýsingar, ráðgjafar eða aðstoðar fulltrúa hagsmunaaðila eða talsmenn tiltekinna hópa.

## 6. gr. Faglegt sjálfstæði

- 6.1 Samhæfingarteymin skulu hafa faglegt sjálfstæði og svigrúm til faglegrar þróunar. Teymin skulu einnig setja sér starfsreglur um afgreiðslu mála.

# III. Kafli Vinnsla persónuupplýsinga og þjónustugátt

## 7. gr. Vinnsla persónuupplýsinga

- 7.1 Samningsaðilum er samkvæmt lögum skylt að miðla sín á milli upplýsingum sem nauðsynlegar eru í tengslum við samstarf þjónustuaðila í gegnum þjónustugátt, þ.m.t. viðkvæmum persónuupplýsingum, sbr. fylgiskjal 1 með samningi þessum. Samningsaðilar skulu tryggja sanngjarna og gagnsæja vinnslu persónuupplýsinga. Í því skyni skulu samningsaðilarnir einnig gera með sér samning um vinnslu persónuupplýsinga í þjónustugátt.



- 7.2 Í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 sem og 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 eru samningsaðilar skilgreindir ábyrgðaraðilar á persónugreinanlegum gögnum sem verða til á eða í tengslum við og eru meðhöndlaðar á fundum samhæfingarteymanna.
- 7.3 Ábyrgðaraðilar ákveða tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga og ábyrgjast að þeir hafi heimild til þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer í tengslum við og á fundum samhæfingarteyma. Með vinnslu persónuupplýsinga er m.a. átt við söfnun, skráningu, varðveislu, miðlun og samkeyrslu upplýsinga um aðstæður þjónustuþega, þ.m.t. viðkvæmar persónuupplýsingar. Gæta ber að meðalhófi við vinnslu persónuupplýsinga og ekki skal vinna með persónuupplýsingar umfram það sem nauðsynlegt má telja í hverju einstöku tilviki í þágu tilgangsins. Ábyrgðaraðilar bera m.a. ábyrgð á að vinnsla persónuupplýsinga sé lögmæt og eigi sér stöð í 9. gr. og eftir atvikum 11. gr. laga um persónuvernd og að vinnsla persónuupplýsinga sé í samræmi við meginreglur laganna, sbr. 8. gr. laganna.
- 7.4 Ábyrgðaraðilar skulu meta þörf á mati á áhrifum á persónuvernd (MÁP) og sértækum samningum varðandi persónuvernd í samræmi við 29. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga til viðbótar þeim samningi sem fjallað er um í gr. 7.1.
- 7.5 Ábyrgðaraðilum ber sérstaklega að upplýsa hlutaðeigandi einstaklinga um fyrirhugaða vinnslu persónuupplýsinga á samræmdan hátt og í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, sbr. 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679. Upplýsa þarf hlutaðeigandi um m.a. heiti ábyrgðaraðila vinnslunnar, eðli persónuupplýsinga sem vinnslan snýr að, tilgang vinnslunnar, hverjir koma að vinnslunni og rétt hans til að andmæla vinnslunni.

## 8. gr. Gögn sem miðla skal

- 8.1 Gögn sem samhæfingarteymin skulu hafa aðgang að eru öll gögn sem talin eru nauðsynleg svo hægt sé að taka ákvörðun um þjónustu við einstaklinga, m.a. læknisfræðileg gögn, upplýsingar um heilsufarsástand, gögn um vinnufærni, um endurhæfingu, um vinnu- og námssögu og um fjárhags- og félagslegar aðstæður.
- 8.2 Mikilvægt er að gögnin sem samhæfingarteymin hafa aðgang að endurspegli eins vel og kostur er aðstæður hvers og eins.

## 10. gr. Trúnaður

- 10.1 Fulltrúar samhæfingarteyma skulu gæta trúnaðar um upplýsingar sem leynt eiga að fara og hverju því sem þau fá vitneskju um í störfum sínum í teymunum um málefni samningsaðila, meðferð mála á fundum samhæfingarteyma og persónuupplýsingar þjónustuþega.
- 10.2 Fulltrúar samhæfingarteyma eru bundnir þagnarskyldu samkvæmt lögum, m.a. við störf sín í teymunum. Fulltrúar teymanna skulu einnig undirrita sérstaka trúnaðaryfirlýsingu í tengslum við störf þeirra í teymunum.

## 11. gr. Þjónustugátt

- 11.1 Tryggingastofnun skal starfrækja þjónustugátt í þeim tilgangi að tryggja nauðsynlega yfirsýn yfir þá meðferð og endurhæfingarþjónustu sem einstaklingar fá og til að stuðla að samfelli í greiðslum hjá þeim sem þurfa þjónustu fleiri en eins kerfis eða þurfa að fara milli kerfa.
- 11.2 Tryggingastofnun skal halda skrá þar sem fram kemur með tæmandi hætti hvaða upplýsingum um einstaklinga er miðlað í gegnum þjónustugáttina. Samningsaðilum er skylt að tryggja aðgang að nauðsynlegum gögnum í gegnum þjónustugáttina og skulu fulltrúar í samhæfingarteymum hafa aðgang að þeim upplýsingum.

# IV. Kafli Gildistími og breyting

## 12. gr. Gildistími og breyting

- 12.1 Samningur þessi tekur gildi þann 1. september 2025 og er ótímabundinn.
- 12.2 Breyta skal fyrirkomulagi samstarfs ef það skilar ekki tilætluðum árangri og reyna nýjar aðferðir sem þykja vænlegri til árangurs. Samningur getur komið til endurskoðunar eins oft og þurfa þykir að mati samningsaðila.



31. október 2024




  
Bjarni Benediktsson,  
félags- og vinnumarkaðsráðherra


  
Willum Þór Þórsson,  
heilbrigðisráðherra

  
Heiða Björg Hilmisdóttir,  
formaður stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga

F.h. Tryggingastofnunar

  
Huld Magnúsdóttir,  
forstjóri


F.h. VIRK, Starfsendurhæfingarsjóðs ses.

  
Vigdís Jónsdóttir,  
forstjóri

F.h. Vinnumálastofnunar

  
Unnur Sverrisdóttir,  
forstjóri

F.h. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

  
Sigríður Dóra Magnúsdóttir,  
forstjóri



F.h. Heilbrigðisstofnunar Vesturlands

---

**Jóhanna Fjóra Jóhannesdóttir,**  
forstjóri

F.h. Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða

---

**Lúdvík Þorgeirsson,**  
forstjóri

F.h. Heilbrigðisstofnunar Norðurlands

---

**Jón Helgi Björnsson,**  
forstjóri

F.h. Heilbrigðisstofnunar Austurlands

---

**Guðjón Hauksson,**  
forstjóri

F.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

---

**Díana Óskarsdóttir,**  
forstjóri

F.h. heilbrigðisstofnunar Suðurnesja


---

**Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir,**  
forstjóri



Undirritanir á samningi þessum af hálfu félagsþjónustu sveitarfélaga eru með fyrirvara um samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórna.

F.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

  
Rannveig Einarsdóttir,  
sviðsstjóri

F.h. velferðarsviðs Reykjanesbæjar

  
Hera Ósk Einarsdóttir,  
sviðsstjóri

F.h. velferðarsviðs Kópavogsbæjar

  
Sigrún Þórarinsdóttir,  
sviðsstjóri


F.h. velferðar- og mannréttindasviðs Akraneskaupstaðar

  
Hildigunnur Árnadóttir,  
sviðsstjóri

F.h. fjölskyldusviðs Seltjarnarnesbæjar

  
Baldur Pálsson,  
sviðsstjóri


F.h. félagsþjónustu Grindavíkurbæjar

  
Nökkvi Már Jónsson,  
sviðsstjóri

F.h. velferðarsviðs Garðabæjar

  
Svanhildur Þengilsdóttir,  
sviðsstjóri

F.h. fjölskyldusviðs Suðurnesjabæjar

  
Guðrún Björg Sigurðardóttir,  
sviðsstjóri


F.h. fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar

  
Guðlaug Ósk Gísladóttir,  
sviðsstjóri

F.h. velferðarsviðs Akureyrarbæjar

  
Karólína Gunnarsdóttir,  
sviðsstjóri

F.h. velferðarsviðs Mosfellsbæjar

  
Sigrbjörg Fjölinsdóttir,  
sviðsstjóri

F.h. félagsþjónustu Hvalfjarðarsveitar

  
Freyja Þóll Smáradóttir,  
félagsmálastjóri



F.h. félagsþjónustu Borgarbyggðar

*Erla B. Kristjánsdóttir*

**Erla Björg Kristjánsdóttir,**  
félagsmálastjóri

F.h. félagsþjónustu A-Húnavatnssýslu

*Sara Lind Kristjánsdóttir*

**Sara Lind Kristjánsdóttir,**  
félagsmálastjóri

F.h. félags- og skólalþjónustu Snæfellinga

*Ingveldur Eypórsdóttir*

**Ingveldur Eypórsdóttir,**  
forstöðumaður

F.h. fjölskyldusviðs Skagafjarðar

**Bryndís Lilja Hallsdóttir,**  
sviðsstjóri

F.h. fjölskyldusviðs Vesturbyggðar

**Arnheiður Jónsdóttir,**  
sviðsstjóri

F.h. félagsþjónustu Norðurbings

*Tinna Ósk Óskarsdóttir*

**Tinna Ósk Óskarsdóttir,**  
félagsmálastjóri

F.h. félagsþjónustu Bolungarvíkur

**Guðný Hildur Magnúsdóttir,**  
félagsmálastjóri

F.h. félagsmáladeildar Fjallabyggðar

**Hjörtur Hjartarson,**  
deildarstjóri

F.h. velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar

*Margrét Geirsdóttir*

**Margrét Geirsdóttir,**  
sviðsstjóri

F.h. félagsmálasviðs Dalvíkurbyggðar

**Eyrún Rafnsdóttir,**  
sviðsstjóri

F.h. fjölskyldu- og fræðslusviðs Vestmannaeyjabæjar

*Jón Pétursson*

**Jón Pétursson,**  
framkvæmdastjóri

F.h. fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar

*Laufey Faye Þórðardóttir*

**Laufey Faye Þórðardóttir,**  
sviðsstjóri



F.h. félags- og skólabjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu

*Svava Davíðsdóttir*

**Svava Davíðsdóttir,**  
framkvæmdastjóri

F.h. félagsbjónustu Strandabyggðar og Reykhólahrepps

*Hlíf Hrólfsdóttir*

**Hlíf Hrólfsdóttir,**  
félagsmálastjóri

F.h. félagsbjónustu Múlabings

*Júla Sæmundsdóttir*

**Júla Sæmundsdóttir,**  
félagsmálastjóri

F.h. velferðarbjónustu Hveragerðisbæjar

*Erna Harðar Solveigardóttir*

**Erna Harðar Solveigardóttir,**  
deildarstjóri

F.h. fjölskyldusviðs Árborgar

*Heiða Ösp Kristjánsdóttir*

**Heiða Ösp Kristjánsdóttir,**  
sviðsstjóri

F.h. fjölskyldu- og fræðslusviðs Ölfus

**Jóhanna M. Hjartardóttir,**  
sviðsstjóri

F.h. velferðarsviðs Hornafjarðar

*Skúli Ingibergur Þórarinsson*

**Skúli Ingibergur Þórarinsson,**  
sviðsstjóri

F.h. fjölskyldusviðs Húnaþings vestra

**Sigurður Þór Ágústsson,**  
sviðsstjóri

F.h. velferðarbjónustu Árnesþings

**Anný Ingimarsdóttir,**  
deildarstjóri





## Fylgiskjal I

### Tilvísanir í ákvæði um samstarf í lögum sem samningsaðilar starfa eftir

(grein 1.2)

- I. 55. gr. a og 28. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007, sbr. 10. gr. og e-lið 3. gr. laga nr. 104/2024.
- II. 12. gr. a laga um vinnumarkaðsaðgerðir nr. 55/2006, sbr. 22. gr. laga nr. 104/2024.
- III. 2. mgr. 35. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007, sbr. 26. gr. laga nr. 104/2024.
- IV. 7. gr. a laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sbr. 27. gr. laga nr. 104/2024.
- V. 11. gr. a laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða nr. 60/2012, sbr. 29. gr. laga nr. 104/2024.

Fullgild rafræn undirskrift

**GUÐNÝ HILDUR MAGNÚSDÓTTIR**

Kennitala: 130669-3019  
2024-11-22 10:39:07 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**GUÐLAUG RAKEL GUÐJÓNSDÓTTIR**

Kennitala: 191161-5729  
2024-11-22 10:45:33 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**EYRÚN RAFNSDÓTTIR**

Kennitala: 031071-5349  
2024-11-27 11:55:25 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**SVANHILDUR ÞENGILSDÓTTIR**

Kennitala: 110164-5219  
2024-11-06 07:59:26 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**JÓHANNA MARGRÉT HJARTARDÓTTIR**

Kennitala: 280964-2479  
2024-11-08 09:03:05 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**JÓN HELGI BJÖRNSSON**

Kennitala: 260766-4149  
2024-11-08 17:07:08 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**GUÐJÓN HAUSSON**

Kennitala: 240281-3849  
2024-11-12 16:44:48 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**JÓHANNA FJÓLA JÓHANNESDÓTTIR**

Kennitala: 081060-4879  
2024-11-01 14:28:11 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**LÚÐVÍK ÞORGEIRSSON**

Kennitala: 101267-3939  
2024-11-04 10:00:45 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**ANNÝ INGIMARSDÓTTIR**

Kennitala: 080369-3569  
2024-11-04 15:29:56 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**ARNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR**

Kennitala: 060461-2879  
2024-11-05 11:56:35 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**BRYNDÍS LILJA HALLSDÓTTIR**

Kennitala: 050290-3289  
2024-11-01 09:10:05 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**DÍANA ÓSKARSDÓTTIR**

Kennitala: 040567-5349  
2024-11-01 09:41:50 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**SIGURÐUR ÞÓR ÁGÚSTSSON**

Kennitala: 291077-3909  
2024-11-01 10:33:13 GMT  
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

**HJÓRTUR HJARTARSON**

Kennitala: 280361-4029  
2024-11-01 13:22:57 GMT  
Ástæða: Undirskrift





Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls bs.  
Launrétt 6  
806 Selfossi

Dagsetning 14. janúar 2025  
Málsnúmer MRN25010032

## Undanþága frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu

Vísað er til umsóknar barnaverndarþjónustu Árneshvíls, dags. 20. desember 2024, um áframhaldandi undanþágu frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu á grundvelli barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

Í umsókninni kemur fram að skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls bs. sem jafnframt fari með barnaverndarþjónustu Árneshvíls fyrir sveitarfélögin Bláskógabyggð, Flóahrepp, Grímsnes- og Grafningshrepp, Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp óski eftir áframhaldandi undanþágu frá 6.000 íbúa lágmarki vegna barnaverndarþjónustu. Fram kemur að samanlagður íbúafjöldi sveitarfélaganna nemi 4.423. Þá kemur fram að samtals sinni þrjú starfsmenn barnaverndarþjónustu á svæðinu í mismiklu starfshlutfalli. Tveir starfsmenn séu með félagsráðgjafarmenntun og einn með foreldra- og uppeldismenntun. Þá hafi verið gerður verktakasamningur við sálfræðing sem geti komið að barnaverndarþjónustu gerist þess þörf. Í umsókninni kemur einnig fram að fagþekking sé góð og samvinna mikil á milli þeirra sem vinna með málefni fjölskyldna á svæðinu. Í umsókninni kemur ekki fram hvort að sveitarfélögin séu aðilar að samningi um umdæmisráð barnaverndar og þá er ekki fjallað um hvort að farið hafi fram viðræður við önnur sveitarfélög um stærra umdæmi barnaverndarþjónustu.

Með tölvupósti, dags. 7. janúar 2025, óskaði ráðuneytið eftir frekari upplýsingum í tengslum við umsóknina og þá einkum hvort að farið hefðu fram viðræður við önnur sveitarfélög um stærra umdæmi barnaverndarþjónustu og hvort að samanlagt starfshlutfall starfsmann uppfyllti það skilyrði sem ákvæði 11. gr. barnaverndarlaga gerir kröfu um. Upplýsingar bárust ráðuneytinu símlíðis 8. janúar sl. þar sem fram kom að þeir þrjú starfsmenn sem vinna að barnaverndarmálum fyrir hönd barnaverndarþjónustu Árneshvíls sinni einnig öðrum málum. Einnig kom fram að formlegar viðræður við önnur sveitarfélög um stærra umdæmi barnaverndarþjónustu hafi ekki farið fram síðan árið 2023.


Í 1. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga er að finna meginregluna um að í umdæmi hverrar barnaverndarþjónustu skuli vera í það minnsta 6.000 íbúar. Samkvæmt 3. mgr. 11. gr. laganna er heimilt að víkja frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna tiltekinnna ástæðna og að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Í greinargerð þeirri er fylgdi frumvarpi því er varð að lögum nr. 107/2021 er fjallað um að sú undantekning frá meginreglu laganna, sem finna má í ákvæði 3. mgr. 11. gr. geri ráð fyrir því að reynt hafi verið, án árangurs, að koma á samstarfi við önnur sveitarfélög. Þá kemur fram að ákvæðið geri ráð fyrir því að ef sveitarfélag eða sveitarfélög vilja ekki eða geta ekki átt samvinnu við önnur sveitarfélög til að ná 6.000 íbúa markinu verði gerðar ríkar kröfur til þess að sýnt sé fram á að þau standi undir faglegri barnaverndarþjónustu. Þá kemur fram að í ákvæðinu sé kveðið á um að barnaverndarþjónusta skuli hafa yfir að ráða að lágmarki starfsmönnum í tveimur stöðugildum. Við mat á starfsmannþörf verði að taka mið af fjölda mála sem að jafnaði eru til vinnslu í umdæminu en í því skyni er í frumvarpinu sett fram viðmið um 150 mál á ári, sem og

200% starfshlutfall barnaverndarþjónustu. Litið er til þess að ákveðinn lágmarksfjöldi mála og stöðugilda þurfi að vera til staðar svo unnt sé að halda úti faglegu barnaverndarstarfi.

Ráðuneytið hefur upplýsingar um að barnaverndarþjónusta Árnespings hafi í hyggju að leita eftir samstarfi um stærra umdæmi barnaverndarþjónustu og ganga til formlegra viðræðna við önnur sveitarfélög þar um. Þá liggur fyrir að í gildi er samningur um umdæmisráð barnaverndar sem sveitarfélögin eru aðilar að. Ráðuneytið telur þó ljóst að ekki muni reynast mögulegt að ljúka samningaviðræðunum áður en núgildandi undanþága rennur út. Í því skyni að tryggja samfellu í barnaverndarþjónustu telur ráðuneytið rétt að veita áframhaldandi undanþágu til 15. mars 2025. Ráðuneytið leggur ríka áherslu á að á tímabilinu verði unnið markvisst að því að ganga frá samningi um stærra umdæmi barnaverndarþjónustu í samræmi við meginreglu 1. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga. Þá er rétt að fram komi að sækja þarf um undanþágu að nýju, takist ekki að ljúka viðræðunum á tilskildum tíma.

**Sveitarfélögunum Bláskógabyggð, Flóahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi er hér með veitt undanþága frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda barnaverndarþjónustu, sbr. 3. og 4. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, til 15. mars 2025.**

F.h. ráðherra  
Anna Tryggvadóttir



F.h. ráðherra  
Theódóra Sigurðardóttir

